



Fréttabréf Naustaskóla

10. tölublað, 6. árgangur, 1. nóvember 2013

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Gangbrautavarsla

Nú fer okkur aftur að vanta sjálfboðaliða í gangbrautavörslu, nú þurfum við að bóka vikurnar í desember og eftir áramótin. Áhugasamir eru beðnir um að gefa kost á sér með því að senda tölvupóst á agust@akureyri.is.

Bókavika

Víkuna 18.-22. nóvember höfum við bókaviku. Þá ætlum við að beina athygli inni að bókum og lestri yfirhöfuð og hvetjum til að börnin komi með bækur að heiman til að lesa, kynna fyrir öðrum nemendum o.s.frv. Á sama tíma hefst svo undirbúningur fyrir upplestrarkeppni í 7. bekk, en það er árlegur viðburður í tengslum við Dag íslenskrar tungu sem er 16. nóvember ár hvert. Allir að lesa - upphátt og í hljóði....!!

Morgunkaffi með stjórnendum

Í nóvembermánuði bjóðum við upp á svokallað "morgunkaffi með stjórnendum". Það þýðir að kl. 8:10-09:00 á ákveðnum dögum verður heitt á könnunni á kaffistofu skólans og þar verða stjórnendur til viðtals fyrir foreldra nemenda í ákveðnum námsþópum. Þarna er ætlunin að hafa frekar óformlegt spjall um skólastarfið og fá fram sjónarmið foreldra um það sem vel gengur og það sem betur má fara. Þetta ætti því að vera góður vettvangur fyrir foreldrahópin til að fá upplýsingar, skiptast á skoðunum og velta fyrir sér starfinu í skólanum okkar. Dagsetningar eru birtar á dagatalinu á baksíðu fréttabréfsins en við minnum einnig á þessar upptökur þegar nær dregur. Við vonumst eftir að sjá sem flesta í notalegu morgunkaffi.

Kæra skólasamfélag

Þá hefur hið óumflýjanlega gerst - það er kominn nóvember! En það er reyndar engin ástæða til að örvænta því að útlit er fyrir að þetta verði stórskemmtilegur mánuður þar sem sjálfa árshátíðina ber hæst og ýmislegt fleira verður brallað. Fyrirkomulag árshátíðarinnar verður svipað og á síðasta skólaári, þ.e. þrjár sýningar þar sem systkinum er raðað á sömu sýninguna, en fyrirkomulag og hópaskiptingar verða auglýstar þegar nær dregur. Annars er bara allt gott að fréttu úr skólanum, lífið gengur sinn vanagang og er yfirhöfuð dásamlegt :)

Bestu kveðjur úr skólanum, Ágúst Jakobsson, skólustjóri

Foreldrastarfið - bekkjakvöld

Við minnum á að Foreldrafélagið hefur skipt foreldrahópi hvers árgangs niður í þrjá hópa og á hver hópur að standa fyrir einni upptöku yfir veturinn. Í skipulaginu eru líka tilgreindir þeir foreldrar sem eiga að kalla sinn hóp saman í fyrsta sinn til undirbúnings. Áriðandi er að allir skoði þessar upplýsingar og leggi á minnið á hvaða tímabili þeir eiga að starfa og hvort að þeir bera ábyrgð á að kalla saman hóp.. Upplýsingar um foreldrastarfið er að finna á heimasíðu skólans undir hlekknum "foreldrar" eða beint á slóðinni:

http://www.naustaskoli.is/page/foreldrastarf_vetrarins, nafnalistana er að finna neðst á síðunni.



Fræðslufundur um nýja aðalnámskrá

Ný aðalnámskrá boðar talsverðar breytingar og uppstokkun á starfsháttum og inntaki náms á Íslandi. Af þeim sökum standa Heimili og skóli fyrir kynningarfundum viðs vegar um landið árið 2013 þar sem foreldrum er boðið að koma og fræðast um nýja námskrá. Á kynningunum verður farið í eftirfarandi atriði:

- Grunnþættir menntunar
- Ný og fjölbreytt vinnubrögð
- Hæfni og lykilhæfni
- Nýtt námsmat
- Skörun hæfniprepa



Heimili og skóli
Landssæmiök foreldra

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 5. nóvember kl. 18 á sal Brekkuskóla á Akureyri.

Samhliða fundunum útbúa samtökin fjölbreytt fræðsluefni sem birt er á vef samtakanna (www.heimiliogskoli.is/adalnamskra)

Útivistartími o.fl.

Við minnum á að hámarks útivistartími barna 12 ára og yngri er til kl. 20 en börn á aldrinum 13-16 ára mega að hámarki vera úti til kl. 22 á tímabilinu 1. september til 1. maí. Afar mikilvægt er að foreldrar virði þennan tíma enda eru þessar reglur skv. barnaverndarlögum. Þá hvetjum við foreldra til að vera duglegir við að setja sig í samband við foreldra þeirra vina sem börnin eignast og umgangast og ganga úr skugga um að börnin séu örugglega þar sem þau eiga að vera og að þar sé farið eftir skynsamlegum reglum, t.d. ef þau fá að gista hjá vinum... Þá er líka góð hugmynd að kíkja stundum við þar sem börnin eru að leik eða á rölti, t.d. á skólalóðina á kvöldin, og á þá staði þar sem haldin eru böll, afmæli eða party o.s.frv.. Það hefur nefnilega sýnt sig að afskiptasamir foreldrar eru góðir foreldrar!



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Nóvember 2013

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
27	28. okt VETRARFRÍ (Fiskibollur, hrísgrjón, rifnar gulrætur og sósa)	29. okt. Íslensk kjötsúpa Opíð hús 8-10b	30. okt. Baunabuff, kartöflur, salat og marsaladressing	31. okt Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og tómatsósa Hrekkjavökuball 1-3b kl. 16:00-17:30 4-6b kl. 18:00-20:00	1. nóv. Gúllas, kryddgrjón og paprika	2
3	4 Plökkfiskur og rúgbrauð Smiðjuskil hjá 2.-3.b	5 Lasagna, kartöflustappa og salat Opíð hús 8-10b Opíð hús 5.-7. kl. 16:30	6 Steiktur fiskur í raspi, heit tómatsósa og rifnar rófur	7 Kjúklingatortillur Aðalfundur Hverfisnefndar Naustahverfis	8 Hrísgrjónagrautur og slátur Rugludagur Árshátíðarball fyrir 8.-10. bekk	9
10	11 Fiskbúðingur, kartöflur, salat og köld sósa	12 Hakkréttur, hrísgrjón og paprika Opíð hús 8-10b	13 Snakkfiskur, kartöflubátar og salat	14 Steiktur grísa hnakki, steiktur kartöflur, maísbaunir og brún sósa ÁRSHÁTÍÐ NAUSTASKÓLA	15 Blómkáls- og broccolisúpa og brauð Snakk- og bíódagur	16 Dagur íslenskrar tungu
17	18 Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og tómatsósa Bókavika Morgunkaffi með stjórnendum 8.-10.b.	19 Hakkabuff, kartöflur, gúrka og lauksósa Opíð hús 8-10b	20 Karrýostafiskur, hrísgrjón og salat	21 Steiktir kjúklingaleggir, hrísgrjón og dressing Morgunkaffi með stjórnendum— 6.-7.b.	22 Skeyr, brauð og álegg Morgunkaffi með stjórnendum— 4.-5.b.	23
24	25 Steiktur fiskur, kartöflur, paprika og kryddjurtasósa Morgunkaffi með stjórnendum— 2.-3.b.	26 Kjötballur í tómát, spaghetti og salat Opíð hús 8-10b	27 Ofnbakaður fiskur í blaðlaukssósu, hrísgrjón og gúrka Morgunkaffi með stjórnendum— 1.b.	28 Lambapötréttur, kartöflur og salat	29 Pastaréttur og salat	30

Muna: Árshátíð skólans verður 14. nóvember— nánar auglýst síðar..

Morgunkaffi með stjórnendum kl. 8:10-9:00, sjá dagsetningar hér fyrir ofan og útskýringar á forsiðu.